

Áætlun um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi vegna heimsfaraldurs

Eftirfarandi áætlun er gerð í samræmi við kafla 8.41 í landsáætlun ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis vegna heimsfaraldurs. Samkvæmt landsáætlun eru háskastig Almannavarna þrjú, þ.e. óvissustig, hættustig og neyðarstig sem lýst er yfir af Ríkislögreglustjóra. Áætlunin er framkvæmd af Umhverfisstofnun og viðeigandi samstarfsaðilum.

Óvissustig

Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.

Verkferlar yfirfarnir með samstarfsaðilum.

Hættustig eða neyðarstig

Á hættustigi og neyðarstigi skulu starfsmenn við meðhöndlun úrgangs vinna eftir verklagsreglum um smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs í heimsfaraldri. Almennt fer sorphirða, flutningur, flokkun og förgun úrgangs fram með venjubundnum hætti en eftirfarandi sviðsmyndir (A-F) geta þó komið upp þar sem gæti þurft að bregðast við með sértækum aðgerðum

- A. Einangruð tilfelli á sjúkrahúsi
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.
- B. Tilfelli á heimilum og/eða fólk í sóttkví á heimilum
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.
- C. Fjöldi tilfella á sjúkrahúsum
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs frá heimilum fer fram með venjubundnum hætti.
 - Brugðist við magnaukningu á sóttmengudum úrgangi með samstarfsaðilum.
- D. Fjöldi tilfella í heimahúsum
 - Flokkun á heimilissorpi á móttökustöðvum á sýktum sóttvarnasvæðum hætt.
- E. Lokun eins svæðis
 - Flutningi úrgangs frá lokaða svæðinu hætt og allur úrgangur urðaður óflokkaður innan þess svæðis. Urðun fer fram á urðunarstað tilnefndum af Umhverfisstofnun í samráði við rekstraraðila urðunarstaða.
- F. Lokun fleiri svæða eða allsherjarlokun
 - Flutningi úrgangs frá lokuðum svæðum hætt og allur úrgangur urðaður óflokkaður innan svæða. Urðun fer fram á urðunarstað innan hvers svæðis tilnefndum af Umhverfisstofnun í samráði við rekstraraðila urðunarstaða.

Útgáfa: 4. mars 2020